

# Afbrotatölfræði

## Febrúar 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Á mynd 1 má sjá að hegningarlaga- og umferðarlaga brot voru færri í febrúar 2008 en á sama tíma í fyrra. Skráð voru 123 fíkniefnabrot sem er mjög svipað og á árunum 2007 og 2006.

Á mynd 2 má sjá tiltekna brotaflokkana síðustu átta mánuði, fjölda rána, brot gegn valdstjórninni og brot þar sem ökumaður er undir áhrifum ávana- eða fíkniefna. Ránsbrotin voru flest í desember, 7 talsins, en ekkert í október. Flest brot gegn valdstjórninni voru í nóvember, 31 talsins, en færst voru þau í janúar 2008 eða 4. Á síðasta ári voru flestir ökumenn teknir undir áhrifum ávana- og fíkniefna í ágúst, eða 96 talsins. Sami fjöldi var tekinn í febrúar 2008 sem gerir um 3,3 brot að meðaltali á dag.


Í töflu 1 má sjá fjölda brota í nokkrum brotaflokkum. Fjölgun varð meðal ölvunarakstursbrota, áfengislagabrota og líkamsmeiðinga á milli ára. Tilkynnt var um 115 líkamsmeiðingar (217. og 218. gr. hgl.) til lögreglunnar í febrúar sem er um 17% aukning miðað við sama tíma í fyrra. Ölvunarakstursbrotum í febrúar fjölgaði um rúm 7% milli ára en mest varð fækkunin í brotum vegna aksturs gegn rauðu ljósi en þeim fækkaði um 46% milli ára.

Um miðjan janúar 2008 voru teknar upp stafrænar hraðmyndavélar í Fáskrúðs-fjarðargöngum líkt og komið var upp í Hvalfjarðarsveit í júlí á síðasta ári. Áætlað er að taka í notkun á næstu mánuðum fleiri stafrænar hraðamyndavélar um landið.

Á mynd 3 má sjá fjölda hraðakstursbrota sem skráð voru með hraðamyndavélum í janúar og febrúar 2008. Alls voru 644 brot skráð á höfuðborgarsvæðinu, 118 í Fáskrúðs-fjarðargöngum og í Hvalfjarðarsveit voru brotin 655 í febrúar 2008.




Mynd 1. Fjöldi brota í febrúar 2004-2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Fjöldi í nokkrum brotaflokkum frá júlí 2007 til febrúar 2008.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í febrúar 2006, 2007 og 2008.

	Feb.08	Feb.07	Feb.06
Hraðakstursbrot	1.889	2.539	1.988
Þjófnaður	228	259	197
Innbrot	153	185	164
Eignaspjöll	190	290	204
Ölvun við akstur	163	152	149
Fíkniefnabrot	123	125	132
Áfengislagabrot	115	79	100
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	115	98	89
Akstur gegn rauðu ljósi	50	93	105
Nytjastuldur	25	42	19



Mynd 3. Hraðakstursbrot í janúar og febrúar 2008 sem skráð voru með hraðamyndavélum.

# Afbrotatölfræði

## Febrúar 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í febrúar 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	8	10	10	87	108	177	0	3	2
Akureyri	35	77	70	114	232	307	5	5	4
Blönduós	1	7	1	37	132	169	0	0	0
Borgarnes	4	8	6	729*	210	168	8	4	3
Eskifjörður	16	5	7	155*	82	110	0	0	1
Húsavík	2	3	6	23	46	22	0	0	0
Hvolsvöllur	7	12	4	98	88	66	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	700	763	641	1552*	2.571	2.012	86	91	100
Sauðárkrókur	3	6	7	46	70	39	0	1	0
Selfoss	34	33	19	136	385	424	7	1	2
Seyðisfjörður	2	12	7	66	56	65	0	1	1
Snæfellsnes	1	1	1	11	106	51	0	0	0
Suðurnes	60	78	73	219	428	289	12	18	15
Vestfirðir	14	9	15	51	44	27	5	0	4
Vestmannaeyjar	8	14	8	32	40	22	0	1	0
Alls	895	1.038	875	3.356	4.598	3.948	123	125	132

\*Af 729 umferðarlagabroti í Borgarnesi 2008 voru 655 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

\*Af 155 umferðarlagabroti á Eskifirði 2008 voru 118 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

\*Af 1552 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu voru 644 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í febrúar 2006-2008 eftir umdæmum.

Hegningarlagabrot voru almennt færri í febrúar en á sama tíma í fyrra. Brotin voru fleiri á Eskifirði, Selfossi og á Vestfjörðum.

Alls voru 729 umferðarlagabrot í Borgarnesi í febrúar en 210 yfir sama tímabil í fyrra. Sams konar fjölgun varð á Eskifirði þar sem brotin voru 155 talsins en 82 í febrúar 2007. Rekja má þessa fjölgun til stafrænu hraðamyndavélanna eins og áður hefur komið fram.

Fíkniefnabrot voru 123 í febrúar 2008 sem er fækkun um 2 brot frá því í fyrra. Mest var fækkunin á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum en þó nokkur fjölgun varð í Borgarnesi, á Selfossi og á Vestfjörðum.

#### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 15. mars 2008 og eru tölur fyrir árin 2007 og 2008 bráðabirgðatölur.

Í þessari skýrslu eru hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla skráð undir embættin þar sem brotin eru framin, jafnvel þó málin séu skráð á embættið á Snæfellsnesi. Það er breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærur fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.